

Mættir: *Aðalbjörg Ósk, Jens Fjalar, Gabriella, Sigurður Kári, Edda Hermannsdóttir, Lilja Dögg, Þórhildur, Inga Lár, Stefán Þór, Heimir, Hjördís Perla, Baldur, Viktor Orri, Stefán Rafn, Kristín Helga, Lilja Ósk, Björn Rafn, Hörður Unnsteinsson, Halla Tryggvadóttir, Fannar.*

Áheyrnarfulltrúi: *Eva*

## 1. Fréttir af skrifstofu

*Akademian og Réttindaskrá stúdenta* er tilbúin og hefur farið í dreifingu.

Jens er að fara á fund fljótlega með *Landsambandi íslenskra háskóla*, sem eru regnhlífasamtök fyrir háskóla á Íslandi, þar sem athugað verður hvernig landið liggur fyrir þessu samstarfi nú sem hefur hingað til verið óvirkt.

*Skipun fulltrúa stúdenta í ráð um málefni fatlaðra*: Hugmyndir komu fram á fundi stjórnar SHÍ um að fá Freyju Haraldsdóttur en hún hafði því miður ekki tíma til að sinna starfinu. Halla Tryggvadóttir stingur upp á að hafa samband við Maníu eða Skyn um hvort þau viti um einhvern frambærilegan aðila til að sinna þessu starfi. Jens ætlar að setja sig í samband við Skyn.

*Bologna-fulltrúi SHÍ*: Sigurður Kári hefur gengt þessu starfi hingað til en hefur ekki tíma til að sinna því áfram. Lilja Dögg er tilbúin að taka starfið að sér, SHÍ samþykkir skipun hennar.

*Hagsmunafulltrúi Fjarnema*: Gabriella kynnir hugmynd um að skipa hagsmunafulltrúa fyrir fjarnema. SHÍ samþykkir að auglýsa þessa stöðu.

*HI nem póstlisti*: Margir aðilar hafa sett sig í samband við SHÍ um að fá aðgang að HÍ-nem póstlistanum. Jens kynnir hugmyndir þess efnis að koma upp einhverjum verklagsreglum um hvernig eigi að tækla þetta. Stefán Þór kemur með þá hugmynd að stúdentar skrái sig á lista ef þeir vilja fá auglýsingar frá fyrirtækjum og annað slíkt. Mörgum þykir líklegt að enginn myndi vera á þessum lista. Niðurstaðan er sú að skrifstofa SHÍ ætlar að halda áfram að meta hvert mál fyrir sig allavega í bili.

*Breytingar á stúdentaráði*: Bergþóra Ben segir af sér og Lilja ósk kemur inn í hennar stað. Magnús Lúðvík tekur sæti Bergþóru í stjórn SHÍ.

## 2. Fréttir af nefndum

*Fjölskyldunefnd*: Edda Hermannsdóttir segir frá því að fullt sé á íþróttadagana, einnig segir hún frá danskennslu sem á að bjóða uppá. Edda hittir Árna Pál óvart í sundi um daginn og ræddi þar við hann hugmyndir nefndarinnar um fæðingastyrk. Árni tók vel í þessar hugmyndir þá en Edda veit ekki hvernig þessi mál standa nú út af ráðherra skiptum.

*Hagsmunanefnd:* Viktor segir frá því að þeir séu að fara á fund með Hagsmunafélagi framhaldsnema um hvaða mál þeir séu að beita sér fyrir og hvernig SHÍ geti aðstoðað þau. Lilja Dögg segir frá því að þau ætli að taka Jafnréttisdaga upp á myndband. Jafnframt hefur nefndin unnið að söfnun afsláttá fyrir stúdentakortið og er enn að.

*Atvinnulífsnefnd:* Er að setja sér markmið og áherslur fyrir komandi vetur.

*Félagslífsnefnd:* Hjördís Perla segir frá því að þau hafi verið að klára að skipuleggja nýnemadaga og svo ætli þau að vera “dúndur hress” í miðasölunni á Oktoberfest.

*Alþjóðanefnd:* Baldur Freyr segir frá því að nefndin sé að móta sér stefnu fyrir fund í Ísrael. Einnig eru þau að vinna í húsnæðismálum fyrir erlenda nema. Baldur segir líka frá því að erfitt sé fyrir erlenda nema að fá kennitölur og sem veldur því að þeir geti ekki skráð sig í námskeið í skólanum o.fl., sem er grafalvarlegt mál og eitthvað sem þarf að taka á.

*Fjármálanefnd:* Lítið að fréttu af fjármálanefndinni. Lilja Ósk segir frá því að lítið sé að gera og nefndin sé í raun óþörf eftir LÍN samninga. Sigurður Kári kemur með hugmynd um að sameina Fjármála- og Atvinnulífsnefnd. Það er vel tekið í þessa hugmynd, hún verður rædd á næsta stjórnarfund.

*Jafnréttisnefnd:* Halla segir frá því að vinnan hafi aðalega snúist um Jafnréttisviku HÍ.

### **3. Niðurskurðarherferðin**

Jens segir frá því að niðurskurðarherferðin gangi vel og umfjöllun hafi verið nokkuð mikil hingað til. Hann bendir á að herferðin sé samt alls ekki búin. Jens segir frá því að hann hafi sent skýrsluna á menntamálaráðherra og að hún hafi tekið vel í skýrsluna. Umræða fer af stað innan SHÍ um hversu gjörsamlega óboðlegt það sé að “einkaskólar” séu að fá sama fjármagn frá ríkinu og ríkisrekin háskóli. Halla Tryggvadóttir kemur með hugmynd um að halda styrktartónleika fyrir HÍ, vel er tekið í þessa hugmynd. Heimur stingur líka upp á skúlptúr í líki risavaxins bauks. Jens segir frá því að SHÍ ætlar að prenta út “skýrsluna” og fara með til allra þingmanna.

### **4. Októberfest**

Á fundinn eru komnir þeir Andri og Tindur frá AM - Events. Þeir segja frá því að þeir stefni á að hafa þetta svipað og í fyrra, þeir eru að vinna að “Plan B” ef það verður slæmt veður. Forsalan gekk mjög vel og þeir stefna á að vera með þrjú tjöld sem verða staðsett hjá bílastæðinu fyrir neðan “skeifuna”. Það verður rokkfest á fimmtudegi, Oktoberfest á föstudegi og Sveitaball á laugardegi. Stúdentaráð bendir á mikilvægi þess að forðast það að of ungt fólk sé að koma á Oktoberfest og tryggja að áfengi verði einungis selt til aðila sem hafa aldur til.

## **5. Tímasetning samningaviðræðna LÍN**

Sigurður Kári segir frá tillögu sem felur í sér að færa samningana þannig þeir verða í lok mars og nýr Lánaþjófssfulltrúi SHÍ taki ekki til starfa fyrr en eftir það. SHÍ kemur sér saman um að leggja þetta undir Lagabreytinganefnd.

## **6. Fjáröflun fyrir SHÍ – vaktir**

Jens segir frá því að SHÍ hafi boðist að manna stöður Félagsstofnunar Stúdenta á meðan starfsmenn FS fari í vinnuferð. Um er að ræða ellefu fullar stöður í fjóra dagar. Það verður mjög erfitt fyrir SHÍ að manna allar þessar stöður en mögulega getum við mannað einhverjar.

Niðurstaðan er að búa til vaktarplan fyrir nokkrar stöður og sjá hvað hægt er að manna margar þeirra og í framhaldi af því taka ákvörðun um hvað við getum mannað margar stöður.

## **7. Jafnréttisvika HÍ**

SHÍ verður með viðburð um einelti. Það er kominn einn fyrirlesari en enn vantar einn fyrirlesara í viðbót. Nokkrar hugmyndir koma fram, Inga Lára ætlar að reyna að finna annan fyrirlesara.